

## Tækniminjasafn Austurlands

### Stjórnarfundur 21. 10. 2016 (endurrit úr fundagerðabók)

Stjórnarfundur 21. október kl. 1600 í Tækniminjasafni Austurlands, efri hæð.

Mættir eru: Árni Elísson, Pétur Kristjánsson safnstjóri og Rannveig Þórhallsdóttir sem ritar fundargerð. Aðrir höfðu boðað forföll. Gengið til dagskrár.

#### **1. Fjárhagsstaða safnsins og rekstur.**

Fjárhagsstaða safnsins hefur batnað en þó vantar fjármuni til að brúa bilið út árið. Sértekjur hafa aukist mikið og starfsemi safnsins er umfangsmikil miðað við rekstrarfé. Von er á ársreikninum í nóvember.

#### **2. Stefnumörkun og endurskipulagning.**

Pétur kynnti hugmyndir um stefnumörkun og endurskipulagningu. Pétur hefur haft samband við fimm einstaklinga upp á að vera með í stýrihópi um endurskipulagningu á safninu og hugmyndir um viðbætur. Seyðisfjarðarkaupstaður og aðilar frá Wathne myndu síðar tilnefna sitthvorn aðilann. Stjórn safnsins samþykkir að fela forstöðumanni safnsins að gera faglega úttekt á starfsemi safnsins á grunni þeirrar stefnumörkunar sem gerð var árið 2003 og leggja fram tillögu sem geti að því að renna styrkari stoðum undir starfsemi safnsins. Til þess verði kallaður saman vinnuhópurur í samráði við safnstjóra.

#### **3. Hugmyndir um rannsóknarstofnun innan vébanda safnsins.**

Í framhaldi af fundi ferða- og menningarmálanefndar Seyðisfjarðarkaupst. með Liv Wathne og Helga Th. Haukssyni, þar sem þau kynntu hugmyndir sínar um norsk-íslenskt sögurannsóknarsetur tengdri sögu Otto Wathne, hittust Liv, Helgi og Pétur forstöðumaður á Tækniminjasafninu og ræddu hugmyndir um samstarf við Tækniminjasafnið. Ákveðið var að samræma hugmyndina við endurskipulagningu safnsins. Borist hefur viljayfirlýsing frá Liv Wathne um að ganga til samstarfs við Tækniminjasafnið um stofnun nýrrar deildar undir véböndum safnsins. Stjórn safnsins hefur ákveðið að senda eftifarandi viljayfirlýsingu:

„Til stendur að gera faglega úttekt á starfsemi safnsins á grunni þeirrar stefnumörkunar sem gerð var árið 2003 og leggja fram tillögur sem geti miðað að því að renna styrkari stoðum undir starfsemi safnsins. Stjórn safnsins hefur ákveðið að setja inn í endurskoðunarferlið velviljaða athugun á því að sett verði á stofn norsk-íslensk sögurannsóknardeild undir nafni Otto Wathne. Jafnframt munum við óska eftir því að Liv Wathne og Helgi Theódór hauksson tilnefni fulltrúa í endurskoðunarnefnd við stofnun hennar.“

Fundi slitið k. 18;34

(Undirritað:)

Rannveig Þórhallsdóttir

Árni Elísson

Pétur Kristjánsson